



# PICASSO

Önnur grein Haraldar Jóhannssonar um Picasso í tilefni af sýningu á verkum hans á komandi Listahátíð



18. „Endurkall“ eða „Út-för Casagemas.“ Rubin.



22. Pedro Manach. Penrose II.



21. Sjálfsmynd. Barr.

## Pablo Picasso Els Quatre Gats við Plaza Catalonia

**I**MIÐBORG Barcelona í lok 19. aldar voru götur þröngar, en á þeim var iðandi mannlíf frá morgni til kvölds. Í boði var varningur hvers konar glaðningur og freistingar. Frá matstofum lagði angan af vidarolíu og kryddi, og frá vinstofum undir lágum hvelvingum, sem ánum var hlaðið upp undir, bárust til eyrna ástríðubrunnir tónar, sem gestir tóku að bragði, og strengjaómur gítara. Við hliðargötu fast við Plaza Catalonia hafði víðförull bryti, Pere Romeu, opnað veglegan veitingastað, Els Quatre Gats, Kettina fjóra, 1897 (og rak til 1903). (Mynd 13) Þangað komu einkum listamenn og menntamenn, flestir ungir, en nokkrir miðaldra, og urðu margir þeirra nafnkennir. Eins konar öndvegi skipuðu Ramon Casa málarí og Miguel Utrillo listfræðingur, einn þeirra, sem hófu El Greco til nýs vegs. (En hann var fösturfaðir franska malarans Maurice Utrillo). Sumarið 1899 fóru þeir að gefa út tímarit, **Pel y Ploma**, Pensil og penna, og stóð það að sýningum. Þá voru líka á miðjum aldri Santiago Rusenol, málarí og leikritaskáld, og Zuloega, baskneskur málarí. Á meðal hinna ungu voru allmargir listmálarar, Isdre Nonell, Sebastia Janyer Vidal, Carlos Casagemas; myndhöggvari, Manolo Hugue, arkitekt Ramon Reventos, skáld Jaime Sabartes, (síðar höfundur minninga um Picasso og ritari hans), safnari Carlos Janyer, bræðurnir Angel og Mateo Fernandez Soto og rithöfundur, Eugenie d'Ors, sem þrjátíu árum síðar skrifaði bók um Picasso.

**P**ABLO Ruiz Picasso sótti Els Quatre Gats, eftir að hann kom aftur til Barcelona í febrúar 1899, og varð þar gott til vana. Mál voru þar ekki rædd af tæpitu, þótt róttækni væri síður af toga jafnadarstefnu en stjórnlýsis, sem þá átti skorinorða málsvara í Catalóníu. Einn þeirra, Jaime Brossa, hafði í janúar 1893 ritað í tímarit, L'Avenue, á þessa leið: Að því kemur, að maðurinn sætti sig ekki við hömlur á hugsun sinni; í þeirri upphafningu einstaklingsins megna engar helgisagnir, skurdgod eða godmög, þessa heims eða annars, að hefta lausn eðlis hans, – kenningar, sem ýmsum mun þykja undirróður, þótt í þeim fléttist neikvæður andi öðrum jákvæðum til að endurvekja og endurnýja þrotin öfl. Viðhorf þetta kann að enduróma í fleygum orðum Pablo Picasso fjórutíu árum síðar: „Verk mín eru samdráttur cyðileggingarinnar.“

Þótt sitt sýndist nú Pablo og föður hans um flesta hluti, kom hann nær daglega á heimili foreldra sinna, en hafði svefnstað úti í bæ. Vinnustofu deildi hann með öðrum. Var hann siteiknandi. Í minnisbókum hans frá þessu ári, 1899, og hinu næsta, eru með ólíkindum fjölskrúðugar svipmyndir: Af götulfli, nautaati, vagnklárum, eklum, hafnarverkamönnum, mönnum á bátum, nautabönnum, betlurum; og danssýningum á krám, veitingastofum og hóruhúsum. Í minnisbókunum eru líka nokkrar teikningar af landslagi, húspökum og mannlíkamanum og urmull af andlitsmyndum af foreldrum hans, systur og kunningjum. (Mynd 14) Fáeinar teikningar hans birtust í tímaritum. Á Els Quatre Gats dró hann upp auglýsingaspjöld og jafnvel matseðla. Þar var sýning á myndum hans í febrúar 1900, en enga mynd fékk hann tekna í spenska sýningarskálann á heimssýningunni í París það ár.

**H**AUSTIÐ 1900 bjóst Pablo til utanferðar ásamt Carlos Casagemas, vini sínum frá Els Quatre Gats, og var för þeirra heitið til Parísar, en þar stóð þeim til boda vinnustofa Nonells í Montmartre, en hann var þá nýkominn heim. Frá París ætluðu þeir til London. Því kann að hafa valdið dælití föður hans á ýmsu því, sem enskt var, en það hafði óbeinlínis áhrif á hann í bernsku. („Þegar hann átti heima í Coruna, kom hann að gröf Sir John Moore og var sagt, að hann hefði dáið með nafn ástkonu sinnar á vörum, lafði Hester Stanhope. Hann hafði þá lesið ævisögu hennar og kynnst konu gerólíkri þeim, sem hann hafði áður þekkt til, konu, sem unnið hafði sér frelsi og hjórtu manna.“ Penrose, **Picasso** bls. 62) Pablo hét að koma heim fyrir jól, er þeir lögðu upp, fáeinum dögum áður en hann fyllti 19. aldursár sitt.

Í París stóð þá heimssýning. Mikið var um dýrðir í borginni, eins og ekki fór framhjá þeim félögum. Vinnustofa Nonells var í 39 rue Gabrielle, ekki víðs fjarri Sacré Coeur. Í Montmartre bjó þá myndhöggvarinn Manolo Hugue, kunningi þeirra frá Els Quatre Gats. Greiddi hann götu þeirra, en hafði gaman af að kynna Pablo síðherðan



sem dóttur sína, því að á frönsku stóðu í honum andmælin. (Mynd 15) Af för þeirra til London varð ekki. Pablo gekk á söfn og dvaldist við málverk frá öldinni öndverðri, einkum Ingres og Delacroix. Á málverkasölum sá hann myndir frá undanfandi áratugum. Meðal annarra eftir Degas, Van Gogh, Gauguin og Toulouse-Lautrec, og eftir málara, sem voru að geta sér frægðar, svo sem Cezanne, Bonnard og Vuillard. Málverkasala Berthe Weil seldi hann þrjú málverk af nautaati á 100 franka. Og var hann þá kynntur Pedro Manach, catalónskum peningamanni og listunnanda. Bauðst Manach til að greiða Pablo 150 franka á mánuði fyrir öll þau verk, sem frá hans hendi kæmu. Tók Pablo því boði. Kveið hann þá ekki lengur daglátum.

**I**PARÍS tók Pablo sér fljótlega pensil í hönd, og „málaði hann nokkrar myndir af því lífi í glauum og glæstum nautnum, sem þeir sáu í kringum sig.“ Hin fyrsta þeirra var „Moulin de la Galette“. Aðra mynd málaði hann líka úr þeim gardi, sem Toulouse-Lautrec hafði gert frægan, „Can-Can.“ „Á aðferð meistara ljóssins hafði hann fest sjónir og numið í sama veffangi.“ (Penrose, **Picasso**, bls. 64) á „Moulin de la Galette“ ber birtu ekki aðeins af gasljósakerum, heldur líka af litbrigðum á kjólum kvenna

og gljúa á höttum karla. Orðheldni Picasso ein mun ekki hafa ráðið því, að þeir sneru heim rétt fyrir jól. Hann hafði áhyggjur af félaganum, Casagemas, sem hrifist hafði af sýningarstúlku, Laure Gargallo, sem kynni vildi ekki af honum hafa, og drakk. Í Barcelóna stóðu þeir aðeins stutt við og héldu ferðinni áfram til Malaga og komu þangað 30. desember 1900. Aldamótafagnað sátu þeir hjá ættingjum Pablo, en ekki hresstist Casagemas. Hélt hann aftur til Parísar. Þar réð hann sér bana 17. febrúar 1901, skaut sig á kaffihúsi. Í minningu hans málaði Pablo þrjú málverk, sem hann lauk við um sumarið. (Mynd 16).

Frá Malaga fór Pablo Ruiz Picasso til Madrid undir miðjan janúar 1901, og hafði að honum hvarflað að setjast þar að. Þar hóf hann að gefa út tímarit ásamt Francisco de Asis Soler, einum kunningja sinna frá Barcelona, **Arte Joven**, Ung list. Var **Pel y Ploma** fyrirmynd að því. Af tímariti þeirra komu út fjögur hefti, hið fyrsta í mars, hið síðasta í júní 1901. (Mynd 17) að nokkru flutti það kastilínskar þýðingar á ritsmíðum catalónskra höfunda, að nokkru efni frá öðrum spænskum höfundum, og var kunnastur þeirra, Miguel Unamono, helsti rithöfundur jafnaðarmanna á Spáni.

Í maí 1901 var í Barcelona haldin sýning á pastelmýndum frá París og Madrid eftir P.R. Picasso, (eins og hann hafði farið að skrifa sig um veturinn í stað P. Ruiz Picasso áður). Í grein um sýninguna sagði Miguel Utrillo: „List Picasso er mjög ung,